

HÖLDUM ÁFRAM

- á réttri leið

Málefнасamningur Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn Reykjavíkur

Borgarfulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa gert með sér samning um meirihlutasamstarf á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur til kosninga 2010. Haldið verður áfram þeirri vinnu sem flokkarnir hófu eftir kosningarnar 2006 á grunni þess málefnasamnings sem var undirstaða samstarfsins. Mörg verkefni hafa verið kláruð eða eru langt komin eins og frístundakort, lækkun leikskólagjalda, vistun fyrir yngstu börnin, aukið framboð lóða, uppbygging í miðborginni, hreinsunar- og fegrunaráttak í hverfum borgarinnar, efldar almenningssamgöngur og undirbúningur að byggingu nýrra leigu- og þjónustuíbúða fyrir eldri borgara á kjörtímabilinu. Áfram verður unnið að framgangi þeirra verkefna sem talin eru upp í málefnasamningnum frá 2006.

Breyttar aðstæður í efnahagsumhverfi og ný verkefni á vettvangi borgarinnar kalla á ákveðnar viðbætur við fyrri málefnasamninginn:

- Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar vegna breytinga í fjármála- og atvinnuumhverfi lögð fram fyrir 1. október.
- Metnaðarfull fjölskyldustefna Reykjavíkurborgar með áherslu á menntun, íþróttir, frístundir verður undirstaða þjónustu Reykjavíkurborgar. Sérstaklega verður hugað að fjölbreytni, auknu vali og lausnum á grundvelli Frístundakortsins. Að auki verður öflugri uppbyggingu fyrir eldri borgara haldið áfram.
- Rannsóknir vegna Bitruvirkjunar hefjast á ný.
- Lóðaúthlutanir til fólks og fyrirtækja undir kjörorðinu *Veldu þinn stað* halda áfram, með sérstakri áherslu á leiðir til að auðvelda íbúum að byggja og búa í Reykjavík. Markvissari uppbygging verður tryggð t.d með því að Framkvæmda- og eignasviði verði tryggt aukið sjálfstæði og svigrúm.
- Grænu skrefin verða stigin af auknum krafti. Sérstaklega verður hugað að umhverfisvænum samgöngukostum, útivistarsvæðum og aukinni endurvinnslu sorps. Loftslagsáætlun fyrir Reykjavík liggja fyrir innan árs.
- Strax í haust verður óskað eftir viðræðum við ríkisvaldið um framkvæmdir vegna Sundabrautar og framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar. Haldið verður áfram skipulagsvinnu í Vatnsmýri á grundvelli hugmyndasamkeppni um svæðið.
- Kröftug uppbygging, samhliða verndun verður megináhersla skipulagsákvæðana í miðborginni. Sérstök áhersla verður lögð á fjölgun búsetukosta á miðsvæði, ekki sist með hliðsjón af þörfum ungs fólks.
- Nýtt aðalskipulag verður samþykkt á kjörtímabilinu.
- Sátt hefur náðst um útrásarverkefni OR með stofnun opins fjárfestingarsjóðs. Frekara fjármagn verður ekki lagt til af hálfu OR, en hlutur fyrirtækisins í sjóðnum ræðst af verðmati verkefna REI. Fjárfestingarsjóðurinn verður opinn öllum.
- Bætt þjónusta, opnari stjórnsýsla, skilvirkni í ákvarðanatöku og einfaldara upplýsingastreymi til íbúa verður tryggt.